



Svandís Svavarsdóttir
Heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 08. febrúar 2019

Efni: Aðgangur barna að þjónustu talmeinafræðinga

Embætti umboðsmanns barna hafa borist ýmsar ábendingar og upplýsingar er varða talþjálfun fyrir börn og fyrirkomulag þjónustu á þessu sviði sem byggir m.a. á samkomulagi ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu við börn frá árinu 2014. Samkvæmt samkomulaginu fá börn með vægari frávik þjónustu innan leik- og grunnskóla sveitarfélaga, og telst þá hluti af þeirra menntun, en börnum með stærri frávik er vísað í þjálfun hjá talmeinafræðingum sem eru hluti af rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands.

Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns barna er fyrirkomulag þjónustunnar hjá sveitarfélögum afar mismunandi og er yfirleitt sinnt af talmeinafræðingum en á því eru þó undantekningar. Þá hefur embætti umboðsmanns barna borist upplýsingar um að börn sem falla undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands lendi iðulega á biðlistum eftir talþjálfun og þurfi nær undantekningarlaust að bíða 12 mánuði eða lengur eftir því að komast að í þjálfun.

Að mati umboðsmanns er um afar brýnt málefni að ræða og tal- og/eða málhömlun getur valdið barni mikilli vanlíðan og félagslegum erfiðleikum. Bið eftir talþjálfun getur síðan orðið til þess að vandinn vex og vanlíðan barns sömuleiðis og ein afleiðing þess getur verið að barn lendi í námsörðugleikum. Það er því ljóst að miklu máli skiptir að í nærumhverfi barna séu aðilar sem geta greint slík frávik, veitt barni þjónustu og veitt skólum og foreldrum ráðgjöf. Þá þarf hópurinn með stærri frávik að hafa greiðan aðgang að nauðsynlegri sérfræðiþjónustu talmeinafræðinga.

Með vísan til framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort það telji að framangreint fyrirkomulag tryggi börnum tímanlegan og nauðsynlega aðgang að þjónustu talmeinafræðinga og hvort til standi að gera einhverjar breytingar á framangreindu fyrirkomulagi og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal